



Lögboðin sjúklingatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. AP32

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AP32.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og reglugerð um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu nr. 763/2000.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Vísitala
11. Endurkrafa
12. Staða tjónþola við tjón
13. Meðferð bótakrafna
14. Lok vátryggingar
15. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

3. Ábyrgðartími

- 3.1. Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2. Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.

3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að sjúklingur hans eða þriðji maður hefur orðið fyrir tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunnir að verða rakið til vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

4.1 Líkamlegt eða geðrænt tjón sjúklings vátryggðs sem hann ber bótaábyrgð á samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Látist sjúklingur tekur vátryggingin til bótaábyrgðar vátryggðs samkvæmt sömu lögum vegna missis framfæranda.

Vátryggingin bætir ekki:

4.2 Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.

4.4 Líkamstjón eða geðrænt tjón á öðrum en sjúklingi sjálfum.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.



- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

8. Váttryggingarfjárhæð

- 8.1. Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingar-atburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra váttryggingaratburða innan sama váttryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2. Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 8.3. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

- 9.1. Af hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu eins og tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 9.2. Eigin áhætta váttryggðs hefur ekki áhrif á réttarstöðu sjúklings.

10. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert miðað við breytingu á vísitölu neysliverðs. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

11. Endurkrafa

- 11.1. Félaginu er heimilt að endurkrefja váttryggðan hafi tjón orðið vegna ásetnings hans.
- 11.2. Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum hafi það greitt bætur samkvæmt gr. 14.2 eftir að váttrygging hefur fallið niður.

12. Staða tjónþola við tjón

- 12.1. Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber skal tjónþoli krefjast bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um lögböðna sjúklinga-tryggingu sé hún fyrir hendi.
- 12.2. Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 12.3. Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 12.4. Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

13. Meðferð bótakrafna

- 13.1. Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 13.2. Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

14. Lok váttryggingar

- 14.1. Váttryggingin fellur sjálfkrafa niður falli starfsheimild eða starfsleyfi váttryggðs niður.
- 14.2. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggðum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest.



15. Fyrning

Kröfur um bætur fyrnast þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt. Krafa fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér, sbr. 19. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.